

Skrifstofa Alþingis

150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. mars 2021

Tilv. 2021030066

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu), 480. mál 151. löggjafarþings.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu), sem er 480. mál 151. löggjafarþings. Í frumvarpinu er lagt til að núgildandi a. lið 2. mgr. 4. gr. áfengislaganna verði breytt á þann veg að framleiðsla áfengis með gerjun til einkaneyslu verði ekki lengur refsingu skv. 27. gr. laganna. Einstaklingum verði skv. nýrri málsgrein 20. gr. áfengislaganna óheimilt að framleiða áfengi til einkanota.

Frumvarpið hefur með breytingum verið lagt fram fjórsinnis áður en ekki náð fram að ganga: Fyrst sem 892. mál 145. löggjafarþings, þá sem 127. mál 148. löggjafarþings, svo sem 466. mál 149. löggjafarþings og loks sem 48. mál 150. löggjafarþings. ÁTVR hefur tvívegis skilað umsögn um málið, sbr. eftirfarandi hlekki:


<https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-1289.pdf>

<https://www.althingi.is/altext/erindi/148/148-864.pdf>

Í fyrirbyggjandi frumvarpi hefur að því er virðist verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem ÁTVR taldi nauðsynlegt að koma á framfæri og vörðuðu einkum þann greinarmun sem eðlilegt hefur þótt að gera á framleiðslu öls og léttvins annars vegar og eimaðra drykkja hins vegar. ÁTVR hefur bent á löggjöf nágrannaþjóðanna til hliðsjónar.

Eins og frumvarpið liggur nú fyrir verður ekki séð að það hafi áhrif á einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til smásölu áfengis. Alþingi er sem fyrr hvatt til þess að hafa lýðheilsusjónarmið að leiðarljósi við allar breytingar á áfengislöggjöf og áfengisstefnu.

Virðingarfyllst,



Ívar J. Arndal

forstjóri ÁTVR



ÁTVR
Stuðlahálsi 2
110 Reykjavík
S. 560 7700
Vinbudin.is